

Stjórnvaldsekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. október 2007 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta stjórnarmann í Vinnslustöðinni hf., Hjálmar Kristjánsson, vegna brots á 63. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 63. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti fjárhagslega tengds aðila innan tilskilinna tímamarka. Um var að ræða nokkur víðskipti fjárhagslega tengds aðila með bréf í Vinnslustöðinni hf. á tímabilinu 10. til 30. maí 2007 en tilkynning um víðskiptin barst ekki fyrr en 8. júní 2007. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti og 74. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 600.000.